

**Nd.**

**779. Lög**

um samstjórn tryggingastofnana landsins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl).

1. gr.

Almennar tryggingastofnanir, sem rikið rekur, stendur í ábyrgð fyrir eða hefir yfirstjórn á, skulu mynda eina heild, er kallast Tryggingastofnun ríkisins. Skal hún hafa sameiginlega framkvæmdastjórn, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Samábyrgðin, sbr. lög nr. 22 1921, Brunabótafjelag Íslands, sbr. lög nr. 54 1915 og lög nr. 53 1919, og Slysatryggingin, sbr. lög nr. 44 1925, skulu vera sjálfstæðar deildir í Tryggingastofnun ríkisins og hafa þar aðskilinn fjárhag.

Almennar opinberar tryggingastofnanir, sem hjer eftir verða stofnaðar, skulu sem sjálfstæðar deildir vera undir Tryggingastofnun ríkisins, nema öðruvisi verði fyrir mælt í stofnlögum þeirra.

3. gr.

Fyrir Tryggingastofnun ríkisins skipar atvinnumálaráðherra forstjóra, sem jafnframt er framkvæmdarstjóri hvernar sjálfstæðrar deildar innan stofnunarinnar. Forstjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. eftir 3, 6 og 9 ár upp í 5000 kr. Launin skulu greidd af deildum stofnunarinnar með þeirri upphæð hver, sem atvinnumálaráðherra ákveður. Á launin skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna.

Forstjórinn er skyldur að setja veð fyrir fjárvörslu sinni, svo sem ráðuneytið kveður á um.

4. gr.

Um skipun gæslustjóra við Samábyrgðina fer eins og segir í 12. gr. laga nr. 23 1921, svo skulu og 2 meðstjórnendur skipaðir við Slysaftrygginguna til 3 ára í senn.

5. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. okt. 1928 um Slysaftrygginguna og Brunabótafjelag Íslands, og frá sama tíma fellur niður hin sjerstaka framkvæmdarstjórastaða, sem um getur í 23. gr. laga nr. 54 1915, en löggin taka ekki til Samábyrgðarinnar fyr en núverandi framkvæmdarstjóri lætur af stöðu sinni.

6. gr.

2. málsliður 2. gr. laga nr. 44, 27. júní 1925, um slysaftryggingar, er úr gildi feldur.